



A 1859/tillväxt

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um
þingmannatillögu
um hrossarækt og hestamennsku á Norðurlöndum

Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún kanni leiðir til að skoða þýðingu hrossaræktar og hestamennsku á Norðurlöndum með því að greina margháttað samfélagslegt notagildi hestsins, koma í veg fyrir stjórnsýsluhindranir og efla hestageirann í heild sinni.

Bakgrunnsupplýsingar

Flokkahópur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði hefur lagt fram tillögu um hrossarækt og hestamennsku á Norðurlöndum. Hún felur í sér að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að hún kanni þýðingu hrossaræktar og hestamennsku á Norðurlöndum og hvernig koma megi í veg fyrir stjórnsýsluhindranir á því sviði. Auk þess er lagt til að ríkisstjórnir norrænu landanna vinni að framgangi hestageirans á Norðurlöndum.

Í rökstuðningnum með tillögunni segir meðal annars að hrossarækt og hestamennska á Norðurlöndum séu mikilvæg en njóti ekki alltaf réttmætrar viðurkenningar. Á þessu séu margar hliðar: Hrossarækt, viðburðir eins og kappreiðar og aðrar hestaíþróttir, útivist og meðferðarúrræði. Fjöldi manns hafi enn fremur atvinnu af því að sjá hestamönnum fyrir margs konar vörum og þjónustu sem þeir þurfa á að halda. Talið sé að hestar á Norðurlöndum séu rúmlega hálf milljón að tölu. Segja megi að íslenski hesturinn sé eins og norrænn sendiherra um heim allan en 250 þúsund íslenskir hestar séu skráðir í meira en tuttugu löndum og þar af 40 prósent á Íslandi. Af tillögunni að dæma lætur nærri að 100 þúsund manns á Norðurlöndum starfi við eða í tengslum við hestamennsku og hrossarækt og að ársveltan nemi mörgum milljörðum evra. Því má heldur ekki gleyma að íslenska kvikmyndin „Hross í oss“ hlaut á sínum tíma kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs.



Tillagan var kynnt og rædd á janúarfundi nefndarinnar. Við umræðurnar kom fram stuðningur við tillöguna og var því meðal annars haldið fram að sumt norrænt hestakyn væri í hættu og grípa þyrfti til björgunaraðgerða. Nefndin samþykkti að senda tillöguna til umsagnar.

Umsagnir

Tillagan var sett í umsagnarferli í febrúar og veittur frestur til að svara til 1.5.2021. Tekið eru undir tillöguna í þeim umsögnum sem hafa borist:

„Landbrug & Fødevarer, SEGES“ í Danmörku (SEGES er fagleg þekkingar- og nýsköpunarstöð fyrir landbúnaðinn) vísar til danskrar rannsóknar frá árinu 2009 sem sýnir að hestamennska og hrossarækt hafi verulega þýðingu fyrir efnahags- og atvinnulífið. Stofnunin sér marga góða kosti við að ráðast í samnorræna greiningu á hestamennsku og hrossarækt.

Uttanríkis- og menntamálaráðid í Færeyjum segir að ekki sé vandalaust að varðveita færeyska hestakynið og að hagrænir þættir hestamennsku og hrossaræktar í Færeyjum hafi ekki verið rannsakaðir.

Landssamtökin Hästnäringens Nationella Stiftelse (HNS) í Svíþjóð hafa ásamt Hästnäringens Representationsråd (HRR) og Stiftelsen Hästforskning (SHF) afhent jákvæða umsögn um tillöguna og segja: „Í þingmannatillögunni er fjallað um hesta og hrossarækt frá mörgum hliðum sem er allt saman vel til fundið og mikilvægt fyrir sameiginlegt norrænt þróunarstarf. Í þessari umsögn okkar gerum við einnig stutta grein fyrir nokkrum veigamiklum þáttum.“ Samkvæmt umsögninni hefur SHF enn fremur hafið rannsóknarsamstarf við Noreg.

Hestamannasambandið Ryttaförbundet í Finnlandi lýsir hve mikilvæg hestamennska er fyrir líkamsrækt og ástundun íþróttar og hve góð samfélagsáhrif hún hafi og þess vegna sé sambandið „jákvætt gagnvart og styðji þingmannatillöguna sem miði að auknu norrænu samstarfi um hestamennsku og hrossarækt“.

Félaginu Finlands Hippos fyndist gagnlegt að lýsa og kortleggja starfsemina í kringum hesta og vægi hennar á Norðurlöndum og lýsir yfir stuðningi við tillöguna.

NKJ (norræn samstarfsstofnun um búnaðar- og matvælarannsóknir) telur að tillagan sé góð byrjun á kortlagningu en ýtarlegri rannsóknar sé þörf til að fá heilsteypta mynd. Tekið er fram að það væri til bóta að láta tillöguna ná yfir þýðingu hestsins fyrir:

- Staðbundið atvinnulíf (hestahald, ræktun, aksturshesta, hesta í skógi og í ferðaþjónustu, járnningar, dýralækningar, endurhæfingu)
- Barna- og ungmennastarf (reiðskóla, tómstundaiðkun)



- Menntastofnanir á ýmsum stigum frá framhaldsskólum til háskóla (færniþróun sem er mikilsverð í stærstum hluta græna geirans)
- Landnotkunina (fóðurþörf á graslendi og beitilandi ásamt korni, líffræðilega fjölbreytni)
- Ræktun (á alþjóðavettvangi, þökk sé velgengni Norðurlandabúa í hestaþróttum ekki síst)
- Fæðuframboð (neyslu hrossakjöts)

Kostnaður sem hlýst af tillögunni hefur ekki verið tekinn saman. Reiknað er með að kostnaðurinn rúmist innan árlegra fjárveitinga MR-FJLS. Enn fremur er reiknað með að stofnanir á vettvangi norræns samstarfs, svo sem NKJ, séu í stakk búna til að annast rannsóknir af því tagi sem tillagan gerir ráð fyrir á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin veitir athygli jákvæðum umsögnum sem hafa borist. Umsagnirnar styðja fullyrðingar í tillögunni um mikilvægi hestamennsku og hrossaræktar á Norðurlöndum auk gildis sem hesturinn hefur að ýmsu leyti í norrænu samfélagi eins og fyrir hestarækt, hestaþróttir, útivist og læknisfræðilegar meðferðir. Um hálf milljón hesta á Norðurlöndum skapa atvinnu og eru til mikils gagns fyrir löndin.

Hestageirinn byggist á samstarfi á meginlandi Norðurlanda og því telur nefndin að það geti verið hagur að því að greina hugsanlegar stjórnsýsluhindranir sem geta staðið þróun hans og vexti fyrir þrifum.

Nefndinni er kunnugt um náð samstarf norrænu landanna um varðveislu húsdýra, þar á meðal hestakynja. Þessu samstarfi hefur verið fundinn samastaður hjá Nordgen.

Verði lagt mat á mikilvægi hestageirans fyrir Norðurlönd telur nefndin að samfélagslegt notagildi hestsins verði sýnilegra. Nefndin telur að tillagan fái auknið vægi og skili betri árangri verði auk tillögunnar um athugun á þýðingu greinarinnar óskað eftir mati á því til hvaða ráðstafana norrænu löndin geti gripið, saman eða hvert fyrir sig, til að styðja við jákvæða þróun í hrossarækt og hestamennsku til frambúðar.

Seinni hluta tillögunnar er beint til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum og þær hvattar til að vinna að æskilegri þróun starfsemi um hesta í löndunum. Nefndin er þeirrar skoðunar að líta beri á þessar tvær tillögur í samhengi; athugun á þýðingu hrossaræktar og hestamennsku á Norðurlöndum, sem er efni fyrsta tillöguliðar, verði viðmið í eftirfarandi tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum.

Í ljósi ofangreinds leggur nefndin til að fyrsti tillöguliðurinn verði einnig látinn ná til skoðunar á margháttuðu samfélagslegu notagildi hestsins og hvernig efla megi greinina en seinni tillöguliðurinn verði tekinn upp á nýjan leik síðar.



Kaupmannahöfn, 28. júní 2021

Anders Eriksson (ÅF)

Arman Teimouri (L)

Freddy André Øvstegård (SV)

Helge André Njåstad (FrP)

Johan Kvarnström (sd)

Lars Andersson (SD)

Lorena Delgado Varas (V)

Lulu Ranne (saf)

Nils Aage Jegstad (H)

Orla Hav (S)

Pål Jonson (M)

Pyry Niemi (S)

Ruth Mari Grung (A)

Stein Erik Lauvås (A)